

2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör, við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 375 króna gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindu verði er innifalinn 17% söluskattur, nema í kafla 2., sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1., 3. og 4. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1974, sbr. heimild nr. 85 14. maí 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 34 28. janúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júní 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um vélstjóranám.

I. KAFLI

Markmið vélstjóranáms.

1. gr.

Vélstjóranám skal vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda. Það skal fara fram á vegum Vélskóla Íslands í Reykjavík og á öðrum stöðum á landinu, ef þörf krefur og aðstæður leyfa.

2. gr.

Hlutverk og meginmarkmið vélstjóranáms er að veita nemendum bóklega og verklega menntun, sem geri þá hæfa til að hljóta prófskírteini fyrsta, annars, þriðja og fjórða stigs og taka að sér störf í þágu atvinnuveganna í samræmi við atvinnuréttindi, sem ákvörðuð eru í lögum.

3. gr.

Þegar kennsla til 1. og 2. stigs vélstjóranáms fer fram utan Vélskóla Íslands í Reykjavík, skal stefnt að því, að námsefni, kennsla og lokapróf séu samræmd í deildum Vélskóla Íslands um allt land.

4. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að skipa 5 manna nefnd til þess að sjá um sérmálefni vélskóladeildar, sem stofnuð er utan Reykjavíkur. Í nefndina skulu eftirtaldir aðilar tilnefna einn fulltrúa hver: sveitarstjórn, Vélstjórafélag Íslands, kennarar deildarinnar og nemendur deildarinnar. Ráðuneytið skipar fimmta manninn í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður hennar.

5. gr.

Vélstjóranám er jafnt fyrir pílta og stúlkur.

II. KAFLI

Um skólastjórn og kennara.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra, kennara, forstöðumenn deilda, skólanefnd og prófdómara. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins.

7. gr.

Við skólann starfar 7 manna skólanefnd, sem ráðherra skipar með þessum hætti. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjóraráðs Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemanda skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Hlutverk skólanefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með þróun á sviði menntunar vélstjóra erlendis, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans, ef ástæða þykir til. Þá skal nefndin fjalla um umsóknir um skólastjóra- og kennarastöður og senda menntamálaráðuneytinu umsagnir um umsækjendur.

Formaður skal kveðja skólanefnd til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári með þriggja daga fyrirvara. Auk þess skal skólanefnd sitja a. m. k. einn fund á ári með skólaráði. Formaður skal einnig boða til fundar í nefndinni, ef tveir nefndarmenn, skólastjóri eða forstöðumaður deildar æskja þess. Ályktun fundar er því aðeins gild, að 4 nefndarmenn eða varamenn þeirra sæki fund.

Skólastjóri skal sitja fundi skólanefndar. Hann skal leggja fyrir skólanefnd skrá yfir skólahald og námsefni, sem gengur úr skugga um, að það sé í samræmi við þróun í verkmenntun vélstjóra. Þá skal skólanefnd stuðla að nánnum tengslum við iðnskóla og aðra verkmenntunarskóla eftir því sem ástæða þykir til.

8. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann er fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann annast daglegan rekstur skólans og ber ábyrgð á því, að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerð og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila, þ. á m. um fjárreiður og reikningshald, svo og skipulag og áætlanagerð vegna reksturs og framkvæmda í skólanum. Hann hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum. Skólastjóri tekur ákvarðanir í málum, er varða stjórnun skólans, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerð.

Skólastjóri ræður með samþykki ráðuneytisins starfsfólk skólans, annað en fast-ráðna kennara.

9. gr.

Til ráðuneytis skólastjóra um starfsemi skólans skulu kennarar velja á kennarafundi 5 fulltrúa úr sínum hópi og nemendur 2 fulltrúa úr hópi nemenda skólans. Nefnist þessi starfshópur skólaráð. Þegar ráðnir hafa verið umsjónarkennarar, skulu þeir taka sæti fulltrúa kennaranna í skólaráðinu.

Skólastjóri kveður ráðið til fundar a. m. k. mánaðarlega meðan skólinn starfar. Hann stjórnar fundum ráðsins og tilnefnir fundarritara.

Í ráðinu skal fjallað um daglegan rekstur skólans, námsskrá, kennslu, próf og vandamál, sem upp kunna að koma í starfi skólans. Rísi ágreiningur milli skólastjóra og meirihluta skólaráðs, geta aðilar skotið máli sínu til kennarafundar og til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Kennarafundi skal skólastjóri halda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.

10. gr.

Við deildir Vélskóla Íslands utan Reykjavíkur skulu ráðnir forstöðumenn. Þeir eru ábyrgir gagnvart skólastjóra og skólanefnd Vélskóla Íslands.

Forstöðumaður deildar skal sjá um daglegan rekstur deildarinnar og framkvæmd prófa. Hann skal gefa umsögn um umsækjendur um kennarastöður og gera tillögur um prófdómara. Hann skal einnig undirrita og gefa út prófskirteini og færa prófbók.

11. gr.

Þeir einir geta fengið skipun í kennarastöðu við skólann, sem lokið hafa:

- a) háskólaprófi í kennslugrein sinni eða
- b) tæknifræðiprófi frá viðurkenndum tækniskóla eða
- c) lokaprófi 4. stigs Vélskóla Íslands og hafa hlotið þá menntun, sem krafist er til að öðlast ótakmörkuð vélstjóraréttindi, auk starfsreynslu og/eða meistara-
réttindi.

Auk þess, sem að framan er talið í staflidum a, b og c, er æskilegt að kennarar hafi hlotið nám í uppeldis- og kennslufræðum, sem svarar til eins árs háskólanáms. Skal menntamálaráðuneytið stuðla að því, að vélskólakennurum gefist kostur á að sækja námskeið í uppeldis- og kennslufræðum til að fullnægja þessu ákvæði.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum skólanefndar, skólastjóra og kennarafundar, ráðið fasta kennara skólans til þess að hafa umsjón með ákveðnum kennslugreinum eða kennslugrein. Sá, sem til þess er ráðinn, nefnist umsjónarkennari. Skal hann vera skólastjóra til ráðuneytis um kennslu, námsefni og kennslutæki, er varðar þá grein eða greinar, sem undir hann falla. Umsjónarkennari skal hafa nána samvinnu við kennara þá, sem þær greinar kenna, er hann hefur umsjón með, og ber honum að veita upplýsingar um kennsluefni og kennslugögn og gera tillögur til skólastjóra um kaup á nýjum tækjum. Hann skal einnig hafa eftirlit með prófum í greininni, ef það er eigi falið prófdómurum. Umsjónarkennarar skulu að fengnu samþykki ráðuneytisins vera í eftirtöldum greinum: vélfræði, rafmagnsfræði, smíðum, tungumálum og raungreinum.

Umsjónarkennari skal fá afslátt frá kennsluskyldu sinni, sem miðaður er við heildarfjölda kenndra stunda í þeirri grein eða greinum, sem hann hefur umsjón með. Ráðningartími umsjónarkennara skal vera tvö ár í senn.

Úr hópi umsjónarkennara skal velja staðgengil skólastjóra.

13. gr.

Kennara með fulla kennslu er skylt að hafa umsjón með einni bekkjardeild skólans eftir því sem skólastjóri ákveður í upphafi skólaárs. Hann skal hafa eftirlit með færslu bekkjarskrár og gefa skólastjóra vikulegt yfirlit um mætingu nemenda.

14. gr.

Um störf fastráðinna kennara við skólann, svo og annarra starfsmanna hans, kennsluskyldu og launakjör, gilda ákvæði kjarasamninga eins og þau eru á hverjum tíma.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar eftir að hverfa frá starfi í hálfri eða heilt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um það, hvernig hann hyggst verja orlofi sínu. Ef ráðuneytið telur greinargerð umsækjanda fullnægjandi, getur það veitt honum orlof á fullum launum. Engum kennara skal þó veitt orlof, er nemur meira en einu ári samanlagt. Beiðni um orlof skal senda ráðuneytinu fyrir áramót næsta skólaárs á undan.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum er þess óska, leiðbeiningar um hvernig orlofi skuli varið, en allir verða þeir að gefa ráðuneytinu fullnægjandi skýrslu að orlofi loknu, að viðlögðum launamissi.

16. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita kennara leyfi frá kennslu á fullum launum til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna.

Umsókn um slíkt leyfi skal berast með minnst hálfis árs fyrirvara og studd meðmælum skólastjórnar og skólanefndar. Umsóknir skulu að jafnaði afgreiddar fyrir 15. júní sama ár.

III. KAFLI**Innritun nemenda.****17. gr.**

Innritun nemenda er í höndum skólastjóra Vélskóla Íslands og forstöðumanna vélskóladeilda utan Reykjavíkur. Auglýsa skal innritun með minnst þriggja vikna umsóknarfresti. Í auglýsingunni skal getið um inntökuskilyrði eins og þau eru tilgreind í lögum og þau gögn, sem fylgja þurfa umsókn. Sækja skal um skólann á þar til gerðum eyðublöðum.

Skólastjóri og forstöðumenn deilda geta vísað inntökubeiðni til úrskurðar skólanefndar, ef ástæða þykir til.

IV. KAFLI**Um kennslu og námsefni.****18. gr.**

Kennsluár skólans skal vera frá 15. september til 31. maí. Á starfstíma skólans skulu próf fara fram önnur en sjúkrapróf og endurtökupróf.

19. gr.

Um leyfi gilda ákvæði sérstakrar reglugerðar um leyfi í skólum.

20. gr.

Stefnt skal að því, að nemendur og kennarar geti lokið sem mestu af daglegri vinnu sinni í skólanum, og að vinnutími nemenda og kennara sé samfelldur, eftir því sem unnt er.

21. gr.

Námið skal skipulagt sem fjórir áfangar er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda, svo sem mælt er fyrir um í lögum. Skal val námsefnis í hverju stigi miðast við, að námið nýtist nemendum sem best við störf í atvinnulífinu, þó að um áframhaldandi skólanám verði ekki að ræða.

Markmið kennslunnar er meðal annars að vekja skilning nemenda á gildi ríkrar ábyrgðartilfinningar og samvirkusemi gagnvart sjálfum sér og þjóðfélaginu í heild.

Lögð skal áhersla á að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að tengja saman verklega og fræðilega þekkingu. Kynna skal nemendum mikilvægi þess að nota handbækur og fagttímarit til að geta brugðist skynsamlega við tæknilegum nýjungum í starfi.

22. gr.

Kennslan fer fram á grundvelli námsskrár, sem menntamálaráðuneytið gefur út, er kveður á um stundafjöldað einstakra kennslugreina og námsefni.

Þess skal gætt í námsskrá, að nemendur, sem teknir eru í 2. stig samkvæmt lögum um vélstjóranám nr. 67/1966, 8. gr. 5. t. b. og c, fái kennslu er miðast við undirbúningsmenntun þeirra.

Í upphafi skólaárs skal skólastjóri láta kennara og nemendur fá vinnuáætlun vetrarins.

23. gr.

Efla skal tengsl skólans við atvinnulífið sem frekast er unnt, m. a. með því að gefa nemendum kost á því að heimsækja stofnanir, vinnustaði og sýningar undir leiðsögn sérfróðra og kunnugra manna.

Til að efla verklega þjálfun vélstjóranema, svo og tengsl þeirra við atvinnulífið, er heimilt að fella niður kennslu í allt að vikutíma á vetri í hverri bekkjardeild, og stundi þeir þá vélstjórástörf undir umsjón skólans.

V. KAFLI

Próf og mat á námsárangri.

24. gr.

Námsárangur nemenda Vélskóla Íslands skal metinn á grundvelli prófa eða mats á námsferli þeirra með reglubundnu millibili. Í bóklegum greinum — og verklegum, ef það þykir henta — skal prófað með svofelldum hætti:

1. próf í desember áður en jólaeyfi hefst;
2. próf um mánaðamótin febrúar—mars;
3. próf í síðari hluta máí.

Sé ekki prófað í einhverjum verklegum greinum, skal þó samtímis ofantöldum prófum gefin einkunn í þeim, byggð á námsferli og úrlausnum nemenda.

Auk þess er heimilt að prófa nemendur 1. stigs í öllum námsgreinum um mánaðamótin október—nóvember.

3. próf nefnist lokapróf.

Vægi einkunna skal vera: 1. próf 2, 2. próf 3 og lokapróf 5. Meðaltalseinkunn þessara þriggja prófa er loka-einkunn í hverri námsgrein í hverju stigi.

Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum 0—10, en loka-einkunn reiknast með einum aukastaf. Leitast skal við að samræma einkunnagjöf kennara.

Mæti nemandi ekki til prófs sökum veikinda, skal hann leggja fram læknisvottorð og á hann þá kost á að ganga undir veikindapróf.

25. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara í hverri námsgrein til að fylgjast með samningu og framkvæmd prófa og til að meta úrlausnir lokaprófa. Prófdómarar staðfesta einkunnir á lokaprófum með undirskrift sinni. Prófdómarar skulu uppfylla sömu kröfur um menntun og gerðar eru til kennara Vélskólans, sbr. 10. gr.

26. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með framkvæmd prófa. Kennarar skulu hver í sinni kennslugrein sjá um gerð prófverkefna. Þegar um lokapróf er að ræða, er skylt

að bera prófverkefni undir prófdómara áður en próf er lagt fyrir og fá hans samþykki á því.

27. gr.

Þegar próf er tekið, skal þess gætt, að svo rúmt sé um próftaka, að nægjanlegu eftirliti sé unnt að koma við, svo að upplýsingar um prófverkefni berist ekki milli próftaka.

Í prófstofu skulu eigi vera aðrir viðstaddir en próftakar og eftirlitsmenn eða eftirlitsmaður. Verði próftaki uppvís að óleyfilegu framferði í prófi, hefur hann glatað rétti sínum til að ljúka prófi og skal vísa honum tafarlaust frá prófi.

Þyki próftaka eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanns. Í prófum skal kennari í prófgrein vera til taks, en þó eigi sitja yfir í prófum.

28. gr.

Heimilt er að veita utanskólanemanda leyfi til að ganga undir 1., 2. og 3. stig vélstjóraprófs. Skal þá viðkomandi senda skriflega umsókn um það til skólastjóra með minnst eins mánaðar fyrirvara. Skólastjóri skal að höfðu samráði við skólanevnd úrskurða, hvort umsækjanda er heimilað að ganga til prófs.

Skal hann þá ganga undir sömu próf og fastir nemendur skólans. Þó skal prófa utanskólanemendur verklega í verklegum greinum, þó heimilt sé að prófa fasta nemendur með skriflegu prófi úr verklegum greinum.

29. gr.

Heimilt er að meta próf frá öðrum skólum fullnægjandi í einstökum greinum, ef sannreynt er að prófkröfur eru eigi minni í viðkomandi grein en í Vélskóla Íslands.

Óski nemandi með tveggja ára starfsreynslu að setjast í 2. stig skólans skv. 8. gr. laga um vélstjóranám, 5. tl. b, skal hann prófaður í verklegri vélfræði, verklegri rafmagnsfræði, stærðfræði, eðlisfræði og íslensku.

Óski nemandi með eins vetrar nám í verknamsskóla að setjast í 2. stig skólans skv. sömu lagagrein, 5. tl. c, skal hann prófaður í verklegri vélfræði.

30. gr.

Til að standast próf skal meðaltal lokaeinkunna eigi vera lægra en 5.0 og eigi lægra en 3.0 í neinni grein. Í vélfræði og rafmagnsfræði skal meðaltal lokaeinkunna eigi vera lægra en 5.0. Til að flytjast í næsta stig fyrir ofan, þarf nemandi að hafa hlotið í meðaleinkunn 6.0 hið lægsta og enga lokaeinkunn lægri en 4.0. Hafi nemandi eigi náð tilskilinni einkunn á prófi, á hann rétt á því að endurtaka próf í einni til þremur greinum að hausti. Hið sama gildir um nemanda, sem staðist hefur próf, en eigi náð framhaldseinkunn. Enginn hefur þó rétt til að endurtaka próf oftan en tvisvar.

Haustpróf skal halda á tímanum 1.—15. september. Óski nemandi að endurtaka nám í einhverju stigi vélstjóranáms, er heimilt að veita honum undanþágu í námsgreinum, sem hann hefur hlotið í einkunn 6.0 eða hærra.

31. gr.

Nemandi, sem staðist hefur lokapróf 1., 2., 3. eða 4. stigs vélstjóranáms, skal fá prófskírteini, sem staðfestir árangur hans.

32. gr.

Hafi nemandi lokið prófi frá Vélskóla Íslands og vilji síðar taka sveinspróf, gilda eftirfarandi reglur um styttingu námstíma hans:

- 1) Meta skal verknám vélstjóra til styttingar iðnnáms sem hér segir:
 - a) Heimilt skal að stytta verknám vélstjóra, sem lokið hafa 1. stigi um 6 mánuði í málmíðnaðargreinum.
 - b) Heimilt skal að stytta verknám vélstjóra, sem lokið hafa 2., 3. og 4. stigi um 3 mánuði fyrir hvert stig, ef þeir hefja nám í vélvirkjun.
 - c) Á prófskírteinum Vélskóla Íslands skulu koma fram einkunnir í öllum kennslugreinum skólans, sem snerta iðnnám. Teljist bóknám vélstjóraprófs eigi fullnægjandi, skal viðkomandi ljúka prófi í þeim greinum við inðskóla. Sá tími, sem fer í þetta nám, telst til iðnnáms, en að öðru leyti dregst bóknám Vélskólans frá iðnnámstímanum.
- 2) Vélskóli Íslands skal á hverjum tíma kenna allar bóklegar greinar vélvirkjanáms þannig, að við lok 4. stigs gefi skólinn út burtfararprófskírteini iðnskóla í vélvirkjun fyrir þá, sem staðist hafa öll prófin.

VI. KAFLI**Um heilsuvernd.****33. gr.**

Menntamálaráðuneytið skipar í samráði við skólastjóra og skólanefnd skólalækni og skólahjúkrunarkonu og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum.

Um heilbrigðiseftirlit í skólanum fer eftir ákvæðum í heilbrigðisreglugerð, sem gefin var út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1972.

VII. KAFLI**Um reglur og aga.****34. gr.**

Regla og agi skal miða að því að gera skólann að þægilegum vinnustað. Kennarar og nemendur skulu rækja störf sín af alúð og árvekni.

35. gr.

Nemendur, sem eigi geta sótt skólann sökum veikinda eða annarra gildra ástæðna, skulu tilkynna forföll. Heimilt er að krefjast læknisvottorðs. Eigi er skylt að taka önnur vottorð gildi en vottorð skólalæknis.

36. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirætlum skólastjóra.

37. gr.

Nú veldur nemandi vísvitandi skemmdum á eignum skólans, ber honum þá að bæta það fullum bótum.

38. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans mega ekki við störf skólans hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Brot gegn þessu getur valdið stöðumissi og brottrekstri úr skóla.

Ber skólastjóra að taka tafarlaust til meðferðar mál af þessu tagi og vísa til menntamálaráðuneytisins, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Á skemmtunum skólans gilda þær reglur, er skólastjórn setur, og eru í samræmi við fyrirmæli menntamálaráðuneytisins.

39. gr.

Um önnur þau mál, sem skólastjórn telur að flokkist til reglu og aga, setur hún sérreglur. Sama gildir, ef talin er þörf á náuvari ákvæðum en að framan getur. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á slíkum reglum.

40. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 22.72 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 6.49 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 3 286.00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 97.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW, sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar, kr. 22.72 hver kWst. til ljósa og kr. 5.21 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 4.30 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 34.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 4.29 hver kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 10.98 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 3 622.00 hvert kW upp að 50 kW og kr. 1.86 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.